

1915

Læknir.

Braudin.

Úr rannsóknarferð.

Loftslag á Íslandi í fornöld.

Saxar og Íslendingar.

Guðir menn og apar.

Skáld.

Hvalsaga.

Vetrarfergur í Reykjavík.

Hrafninn.

Sjötugsafmæli.

DR. H. P.

Mbl: 4 júní
1915

Læknir.

I.

Allir vita hvað læknir er. Það er maður sem mörgum er stundum mikill hugur á að finna eða fá til sín; maður sem helst veit hvað gera skal, hafi einhver meiðst eða sýkst. En hvað þýðir í fyrstu orðið læknir? Geta mætti þess til að það væri orðið leiknir sem hefði þannig aflagast; orðum sem mjög eru í alþýðu munni, hættir við, fremur en öðrum, að aflagast. Leiknir þýðir sá sem leikinn er; það verður að list sem leikið er, segir máltækið; það er talað um læknislist, og læknir er á þýzku Arzt, sem þýðir nærri því leiknir. Samt þykir mér líklegra, að læknir sé ekki orðið til uppúr leiknir, heldur uppúr orðinu lagnir, sá sem lagninn er. Til þess að lagnir sé borið fram einsog læknir, þarf ekki annað en herða svólftið á »g«inu. »G« hefir í islenzku stundum orðið að k, og á hinn bóginn. Menn hafa t. d. stundum skrifað »lok yfir akur« í staðinn fyrir »logi yfir akur«.

II.

Smágrein þessa finst mér nærri því sjálfsagt að tileinka próf. Guðm. Magnússyni, sem er, eins og menn vita, maður með afburðum handlaginn, sannnefndur handlaginn. Þykir mér ekki ólíklegt, að Guðmundur læknir sé kominn af Hrafn Sveinbjarnarsyni, sem var svo merki- legur skurðlæknir á sinni öld. Voru í þeirri ætt frægar læknishendur; var Hrafn kominn af Atla þeim sem Magnúsi konungi góða leizt svo mjúkhentur, að hann fekk hann til að binda sár manna eftir bardagann á Hlýrskógsheiði. Tólf voru sáralæknarnir sem til fengnir voru, en tveir af þeim Íslendingar. Er það eftirtektarvert, því að nærri má geta, að ekki hefir sjötti hver maður í her Magnúsar konungs verið islenzkur.

2. júní.

Helgi Pjeturss.

Maj. 15 júní 1915

Læknir.

II.

Í grein minni síðast var þess getið, að orðið læknir kynni að vera afbakað úr leiknir, sá sem leikinn er eða æfður, eða lagnir, sá sem er laginn. En réttara þykir mér að bæta því við, að verið getur að orðið sé alls ekki íslenzkt (norrænt) að uppruna, heldur grískt, eins og nafnið á Hlinik kóngssyni líklega er, (Hellenikl ævintýrið kynni að hafa komið hingað með Íslendingum sem verið höfðu Væringjar í Miklagarði), af lachanon, (jurt). Til er á grísku orðið lachaneros, sem gæti þýtt: sá sem þekkir grös, og kann að nota þau til lækninga; á latínu er orðið lachanizore haft um að vera sjúkur; líkl.: eta grös við veikindum.

Það kynni að styðja þessa tilgátu, að á einhverri fornþýzku kvað læknir vera lachanara. Að orðin prestar og biskup eru útlend að uppruna, eins og fleiri sem kristindómnum fylgdu, er alkunnugt.

Að fá menn til að hugsa um orð er nytsamlegt, og æfir skilninginn. Og sumt er auðvelt að sjá um uppruna orða, eins og t. a. m. að skjóttur er orðið til úr skjóttur og fjós úr féhús. En sumt er aftur mjög vandasamt.

5. júní.

Helgi Pjeturss.

Brauðin.

Rúgbrauðin hér í bænum, þau sem eg hefi komist í kynni við, eru verri en svo að takandi sé með þögn og þolinmæði. Er nú öldin önnur í þeim efnum, heldur en þegar Carl heitinn Frederiksen stóð hér fyrir bakarfi. Á þessi bær honum að þakka mikilsverðar umbætur á brauðvöru. Brauðin hér minna mig á það, að þegar eg var í Kristjaníu fyrir ekki allfáum árum, hafði nýlega farið þar fram, að tilhlutun yfirvalda, rannsókn á bakaríum borgarinnar; So minnir mig bakaríin væru, en þrjú ein gerðu vöru sína svo úr garði, að skoðanarmenn gætu látið sér vel líka. Það skiftir almenning miklu hvort sérstaklega rúgbrauðið er gott eða ekki, og er nauðsyn að vakið sé máls á þessu. Ef til vill mundi það borga sig að halda við og við sýningar á brauðum, þó að bærinn hefði kostnað af þeim sýningum, en ekki bakararnir. Og víst er um það, að þeir sem gerðu brauðin og sérstaklega rúgbrauðin, eins góð og þau geta orðið, væru bæði lofs og launa verðir fyrir.

29. 5.

Helgi Péturss.